

Embættisafgreiðslur skrifstofu borgarstjórnar 26. apríl 2018 - R18030219

	Fundargerðir:	
R18010032	Faxaflóahafnir nr. 167 , 13.4.'18	Sent borgarfulltrúum til kynningar.
R18010025	Stjórn SSH nr. 456, 9.4.'18.	Sent borgarfulltrúum til kynningar.
	Annað:	
R15100028	Bréf Faxaflóahafna, dags. 13.4.'18, varðandi ályktun um loftslagsmál.	Sent borgarfulltrúum til kynningar.
R18010060	Yfirlit yfir úthlutun úr Endurmenntunarsjóði grunnskóla.	Sent borgarfulltrúum til kynningar.
R18010403	Boð á fund hjá allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis vegna þjóðarsáttar um bætt kjör kvenna, 50. mál, þ. 20.4.'18.	Sent fjármálaskrifstofu og mannauðsskrifstofu.
R18010072	Yfirlit innkaupadeildar mars 2018.	Sent borgarfulltrúum til kynningar.
R18040191	Erindi Retrostofunnar vegna húsnæðis undir starfsemi þeirra, dags. 12.3.'18	Sent skrifstofu eigna og atvinnuþróunar til meðferðar.
R18010042	Erindi Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 20.4.'18 um íbúasamráð í sveitarfélögum.	Sent borgarfulltrúum til kynningar.
R15020150	Ítrekun EBI vegna styrktarsjóðs, dags. 20.4.'18.	Sent skrifstofu eigna og atvinnuþróunar, skrifstofu borgarstjóra og borgarritara og borgarfulltrúum til kynningar.
R18040164	Frá nefndarsviði Alþingis: beiðni um umsögn v. frumvarps til laga um má á umhverfisáhrifum 467. mál, dags. 20.4.'18	Sent umhverfis- og skipulagssviði til umsagnar.
R18040163	Frá nefndarsviði Alþingis: beiðni um umsögn v. frumvarp til laga um skipulag haf- og strandsvæða, 425. mál, dags. 20.4.'18	Sent umhverfis- og skipulagssviði til umsagnar.
R18040162	Frá nefndarsviði Alþingis: þingsályktun um stefnumarkandi landsáætlun um uppbyggingu innviða til verndar náttúru og menningarsögulegum minjum 2018-2029, dags. 20.4.'18	Sent umhverfis- og skipulagssviði til umsagnar.
R18040160	Frá nefndarsviði Alþingis: Frumvarp til laga um Póst- og fjarskiptastofnun o.fl., 454. mál.	Sent fjármálaskrifstofu til umsagnar
R18030093	Fundarboð frá allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis, 24.4.'18, vegna Þjóðskrár.	Sent skrifstofu borgarstjórnar til meðferðar.
R18040156	Frá nefndarsviði Alþingis: tillögu til þingsályktunar um stefnumótandi byggðaáætlun 2018 – 2024, 480. mál.	Sent umhverfis- og skipulagssviði til umsagnar.
R17100373	Viðbrögð verkefnahóps um rafræna póstsendingar við umsögn fjármálaskrifstofu, dags. 17.4.'18.	Sent fjármálaskrifstofu til yfirferðar.
R18010339	Erindi Grundar, dags. 15.3.'18, vegna Skipulagsskrár Grundar.	Sent borgarlögmanni til yfirferðar.

Fundur nr. 167

Ár 2018, föstudaginn 13. apríl kom stjórn Faxaflóahafna sf. saman til fundar í fundarherbergi hafnarstjórnar í Hafnarhúsinu við Tryggvagötu og hófst fundurinn kl. 09:00.

Mættir:

Kristín Soffía Jónsdóttir
Þórlaug Ágústsdóttir
Einar Brandsson
Björgvin Helgason
S. Björn Blöndal
Líf Magneudóttir
Magnús Smári Snorrason
Marta Guðjónsdóttir

Áheyrnarfulltrúar:

Ingibjörg Valdimarsdóttir

Auk þess sátu fundinn: Jón Þorvaldsson, aðstoðarhafnarstjóri, Guðmundur Eiríksson, forstöðumaður tæknideildar, Halldóra Hrólfsdóttir, skipulagsfulltrúi og Gísli Gíslason, hafnarstjóri, sem jafnframt ritar fundargerð.

1. Erindi Nýs Landspítala dags. 23. mars 2018 þar sem óskað er eftir að skoða verði hvort mögulegt sé að nýta uppgröft af lóð spítalans til landfyllingar. Minnisblað hafnarstjóra dags. 6.4.2018.

Hafnarsstjórn samþykkir að óska heimildar Reykjavíkurborgar fyrir landfyllingu við Klettagarða í samræmi við fyrirliggjandi minnisblað.

2. Ályktun um loftslagsmál.

Ísland hefur undirgengist skuldbindingar í loftslagsmálum með undirritun Parísarsamkomulagsins og skuldbundið sig til að ná ákveðnum árangri fyrir árið 2030. Faxaflóahafnir sf. hafa ásamt 104 fyrirtækjum á Íslandi undirritað yfirlýsingu um aðgerðir í loftslagsmálum og aðgerðir til að minnka losun á gróðurhúsalofttegundum. Loftslagsmál eru því einn af meginþáttum vottaðarar umhverfisstjórnunar fyrirtækisins. Ísland er háð siglingum og auðlindum hafsins og því blasir sú skylda við að grípa verði til markvissra aðgerða svo vinna megi gegn hlýnun og súrnun sjávar.

Með auknum siglingum á norðurhöfum eykst mengun og hætta á mengunarslysum ef ekkert er að gert. Aðgerðarleysi leiðir einnig til þess að minni líkur eru á því að skuldbindingar Parísarsamkomulagsins verði uppfylltar.

Ríkisstjórn Íslands hefur fullgilt svonefndan VI viðauka alþjóðlega umhverfissamningsins MARPOL, sem fjallar um varnir gegn mengun frá skipum og lýst því yfir að stefnt sé að banni við notkun á svartolíu í efnahagslögsögu Íslands. Um leið og stjórn Faxaflóahafna sf. fagnar fullgildingu Viðauka VI er skorað á ríkisstjórnina að stíga nú þegar markviss skref í að banna notkun svartolíu sem eldsneyti á skip. Með banni við notkun á svartolíu væri tekið augljóst og árangursríkt skref til að draga úr mengun frá skipum á hafsvæðinu umhverfis Ísland og um leið send sterk skilaboð um stöðu og stefnu Íslands í umhverfismálum. Af illri nauðsyn hafa lönd sem liggja að Norðursjó og Eystrasalti innleitt svonefndar ECA

reglur (Emission Controled Area), sem takmarkar innihald brennisteinssambanda í eldsneyti skipa umfram þær reglur sem teknar verða upp við Ísland árið 2020. Engin ástæða er til að bíða þess að ill nauðsyn krefjist slíkra reglna og því hvatt til þess að undirbúa nú þegar innleiðingu ECA reglna innan efnahagslögsögu Íslands.

Á grundvelli reglugerðar um brennisteinsinnihald eldsneytis skipa hefur stjórn Faxaflóahafna samþykkt að öll skip sem geta tengst rafmagni skuli landtengd meðan þau liggja í höfn. Unnið er að styrkingu á núverandi rafdreifikerfi hafnarinnar með það að markmiði að tengja fleiri skip en mögulegt hefur verið hingað til. Stærri skip, svo sem flutningaskip og skemmtiferðaskip verða ekki tengd rafmagni frá landi nema til komi háspennukerfi, sem er kostnaðarsamt verkefni. Þær erlendu hafnir sem hingað til hafa komið upp slíkum búnaði hafa notið til þess verulegra styrkja frá opinberum aðilum. Af hálfu Faxaflóahafna sf. er áhugi á því að háspennukerfi verði komið fyrir í nýjum hafnarbakka utan Klepps og samþykkir stjórn Faxaflóahafna sf. að hagkvæmni þess verði skoðuð í samvinnu við hagsmunaaðila. Jafnframt lýsir stjórn Faxaflóahafna sf. yfir vilja til að skoða samstarf við hagsmunaaðila um önnur tækifæri í aukinni notkun raforku, sem fallin eru til þess að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda á hafnarsvæðum fyrirtækisins.

Í tillögu að þingsályktun um stefnumótandi byggðaáætlun fyrir árin 2018 til 2024 er m.a. kveðið á um styrkja innviði fyrir rafvæðingu hafna, þ.m.t. aðgengi að raforkutengingum í höfnum. Þetta eigi að stuðla að orkuskiptum í samgöngum. Til þess að ná árangri í háspennuvæðingu hafna er ljóst að til þarf að koma stefnumótun ríkis og fjárframlag til að hrinda verkefninu í framkvæmd. Stjórn Faxaflóahafna sf. lýsir yfir vilja til þess að taka þátt mótun stefnu á þessu sviði, en mikilvægt er að orkufyrirtæki og fulltrúar skipaútgærða komi einnig að málum. Með landtenginu stærri skipa og tilkomu afhendingarþúnaðar háspennu er án vafa unnt að ná raunverulegum árangri í að takmarka losun gróðurhúsalofttegunda í höfnum landsins, en þeim árangri verður ekki náð nema með samstilltu átaki allra aðila.

3. Ársreikningur Hafnasambands Íslands fyrir árið 2017.
Lagður fram.
4. Skarfabakki - aðstaða og þjónusta vegna komu skemmtiferðaskipa. Minnisblað varðandi stöðu mála og aðgerðir.
Gerð var grein fyrir stöðu mála og verkefnum í tengslum við aðstöðu og þjónustu á Skarfabakka.
5. Ályktun Bryggjuráðs, stjórn íbúasamtaka Bryggjuhverfisins og Hverfisráðs Grafarvogs varðandi smábátahöfnina í Bryggjuhverfi dags. 13. mars 2018. Minnisblað aðstoðarhafnarstjóra dags. 9. apríl 2018.
Samþykkt að senda Bryggjuráði og stjórn íbúasamtaka Bryggjuhverfis minnisblað aðstoðarhafnarstjóra.

6. Erindi N1 dags. 13.3.2018 þar sem óskað er eftir svæði undir eldsneytisafgreiðslu fyrir smábáta í Norðurbugt.
Hafnarstjórn tekur jákvætt í erindið.
7. Skýrsla stjórnar Spalar 2017.
Lögð fram.

Fleira ekki gert,
fundi slitið kl. 10:00



STJÓRN SSH 456. fundur

Mánudaginn 9. apríl 2018, kl. 11:30, kom stjórn SSH saman til fundar á skrifstofu samtakanna, Hamraborg 9, Kópavogi.

Fundinn sátu: Ármann Kr. Ólafsson, Dagur B. Eggertsson, Ásgerður Halldórsdóttir, Haraldur Líndal Haraldsson, Haraldur Sverrisson og Gunnar Einarsson.

Fjarverandi: Guðný Ívarsdóttir

Páll Guðjónsson, framkvæmdastjóri SSH sat fundinn og ritaði fundargerð.

Ennfremur sat Hrafnkell Á. Proppé, svæðisskipulagsstjóri höfuðborgarsvæðisins, fundinn.

Stjórnarformaður SSH Ármann Kr. Ólafsson setti fund og stýrði.

Þetta gerðist:

1. Málefni skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins /málsnr. 1501005

Fundinn sátu undir þessum dagskrárlið Ómar Einarsson, sviðsstjóri ÍTR og Magnús Árnason, framkvæmdastjóri skíðasvæðanna.

Fyrir fundinum lá minnisblað framkvæmdastjóra SSH með tillögu verkefnahóps vegna uppbyggingar skíðasvæðanna um mögulega forgangsröðun og áfangaskiptingu endurnýjunar og uppbyggingar mannvirkja skíðasvæðanna, sbr. tillögu samstarfsnefndar skíðasvæðanna að stefnumótun og framtíðarsýn skíðasvæðanna.

Umræður

Niðurstaða:

Stjórnin samþykkir að fela stjórnarformanni og framkvæmdastjóra að móta tillögu að samkomulagi sveitarfélaganna um uppbyggingu á grundvelli tillögu verkefnahópsins til undirritunar sem fyrst, enda liggi fyrir staðfesting aðildarsveitarfélaganna til grundvallar.

2. Samgöngumál á höfuðborgarsvæðinu /málsnr. 1510005

Rætt var um nýframkomna fjármálaáætlun ríkisins og ákvæði hennar um að teknað verði upp viðræður á þessu ári við SSH um fjármögnun til úrbóta á samgöngumálum, Borgarlínu og öðrum samgöngumannvirkjum á höfuðborgarsvæðinu, sbr. einnig ákvæði í stjórnarsáttmála og „samkomulag um markmið um afkomu og efnahag sveitarfélaga árin 2019-2023“ milli Sambands íslenskra sveitarfélaga og fjármálaráðherra og samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra frá 6. apríl sl.

Í fjármálaáætlun ríkistjórnarinnar segir m.a.:

„Í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar koma fram áherslur í samgöngumálum. Stefnt er að því að hraða uppbyggingu í vegamálum og öðrum samgönguinnviðum með hvorutveggja nýframkvæmdum og viðhaldi, bæta öryggi á vegum og stuðla að hagkvæmum og greiðum samgöngum. Vilji er til að eiga samstarf við sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu um Borgarlínu og aðrar framkvæmdir á svæðinu og verður ráðist í viðræður á árinu um það.“



Stjórnin felur fulltrúum SSH í stýrihópi SSH, Vegagerðarinnar og Samgönguráðuneytisins að hefja undirbúning að mótun samningsmarkmiða SSH vegna þessara viðræðna þar sem tillögur stýrihópsins frá febrúar 2018 verði m.a. lagðar til grundvallar.

3. Framvindumat vegna samnings um eflingu almenningssamgangna /málsnr. 1601001

Á fundinn mætti undir þessum dagskrárlið Bjarni Rúnar Ingvarsson frá verkfræðistofunni Mannvit og gerði grein fyrir helstu niðurstöðum reglubundins framvindumats vegna samnings SSH og Vegagerðarinnar um 10 ára tilraunaverkefni um eflingu almenningssamgangna á höfuðborgarsvæðinu. Í samningnum er kveðið á um að árangurs- og framvindumat fari fram á 2 ára fresti. Í framvindumati nú kemur fram að verkefnið hefur skilað árangri og flestir þeir mælikvarðar sem þar eru notaðir sýni jákvæðar niðurstöður. Enn hefur þó ekki tekist að ná viðunandi árangri í hlutfalli ferða með almenningsvögnum af heildarfjölda ferða á höfuðborgarsvæðinu.

Jafnframt var upplýst að stýrihópur verkefnisins hafi farið yfir þessar niðurstöður á fundi sínum hinn 15. mars sl. Í ljósi þess að samningurinn gerir á þessum tímamarki ráð fyrir ítarlegra mati og tillögugerð um framhald verkefnis telji stýrihópurinn rétt að kallað verði eftir skoðun og greinargerð frá Strætó bs. um hvernig ná má sem bestum árangri við nýtingu framlags ríkisins í þessu verkefni og að fengnum tillögum gerir stýrihópurinn ráð fyrir að skila sínum niðurstöðum að loknum sumarleyfum.

Umræður

Niðurstaða:

Stjórn SSH tekur undir afstöðu stýrihópsins hér að ofan og kallar eftir því að stjórn Strætó bs. hefjist þegar handa við þá vinnu og tillögugerð sem þar kemur fram.

4. Sameiginleg ferðaþjónusta fyrir fatlað fólk – stöðugreining vegna framhalds samnings /málsnr. 1711002

Á fundinn mættu undir þessum dagskrárlið Hrafnhildur Brynjólfsdóttir og Árni Geirsson frá verkfræðistofunni Alta.

Gerð var grein fyrir niðurstöðum stöðugreiningar á helstu þáttum í framkvæmd sameiginlegrar ferðaþjónustu fyrir fatlað fólk sem unnin hefur verið fyrir samráðsvettvang velferðarsviða sveitarfélaganna. Þessi vinna er gerð til undirbúnings ákvarðanatöku sveitarfélaganna um framkvæmd samkomulags um sameiginlega ferðaþjónustu fyrir fatlað fólk þegar núverandi aksturssamningum Strætó bs. lýkur.

Umræður

Niðurstaða.

Gert er ráð fyrir að endanleg greinargerð Alta vegna málsins verði tilbúin á næstu dögum, og fari þá til lokameðferðar hjá samráðsvettvangnum sem kalla mun eftir afstöðu sveitarfélaganna til framhalds verkefnisins í ljósi niðurstaðna verkefnisins.

Fleira ekki gert – fundi slitið kl. 12:45

Reykjavík 13.apríl 2018

Á fundi stjórnar Faxaflóahafna sf. í dag var eftirfarandi fært til bókar:

Varðar: Ályktun um loftslagsmál

Ísland hefur undirgengist skuldbindingar í loftslagsmálum með undirritun Parísarsamkomulagsins og skuldbundið sig til að ná ákveðnum árangri fyrir árið 2030. Faxaflóahafnir sf. hafa ásamt 104 fyrirtækjum á Íslandi undirritað yfirlýsingu um aðgerðir í loftslagsmálum og aðgerðir til að minnka losun á gróðurhúsalofttegundum. Loftslagsmál eru því einn af meginþáttum vottaðarar umhverfisstjórnunar fyrirtækisins. Ísland er háð siglingum og auðlindum hafsins og því blasir sú skylda við að grípa verði til markvissra aðgerða svo vinna megi gegn hlýnun og súrnun sjávar.

Með auknum siglingum á norðurhöfum eykst mengun og hætta á mengunarslysum ef ekkert er að gert. Aðgerðarleysi leiðir einnig til þess að minni líkur eru á því að skuldbindingar Parísarsamkomulagsins verði uppfylltar.

Ríkisstjórn Íslands hefur fullgilt svonefndan VI viðauka alþjóðlega umhverfissamningsins MARPOL, sem fjallar um varnir gegn mengun frá skipum og lýst því yfir að stefnt sé að banni við notkun á svartolíu í efnahagslögsögu Íslands. Um leið og stjórn Faxaflóahafna sf. fagnar fullgildingu Viðauka VI er skorað á ríkisstjórnina að stíga nú þegar markviss skref í að banna notkun svartolíu sem eldsneyti á skip. Með banni við notkun á svartolíu væri tekið augljóst og árangursríkt skref til að draga úr mengun frá skipum á hafsvæðinu umhverfis Ísland og um leið send sterk skilaboð um stöðu og stefnu Íslands í umhverfismálum. Af illri nauðsyn hafa lönd sem liggja að Norðursjó og Eystrasalti innleitt svonefndar ECA reglur (Emission Controled Area), sem takmarkar innihald brennisteinssambanda í eldsneyti skipa umfram þær reglur sem teknar verða upp við Ísland árið 2020. Engin ástæða er til að bíða þess að ill nauðsyn krefjist slíkra reglna og því hvatt til þess að undirbúa nú þegar innleiðingu ECA reglna innan efnahagslögsögu Íslands.

Á grundvelli reglugerðar um brennisteinsinnihald eldsneytis skipa hefur stjórn Faxaflóahafna samþykkt að öll skip sem geta tengst rafmagni skuli landtengd meðan þau liggja í höfn. Unnið er að styrkingu á núverandi rafdreifikerfi hafnarinnar með það að markmiði að tengja fleiri skip en mögulegt hefur verið hingað til. Stærri skip, svo sem flutningaskip og skemmtiferðaskip verða ekki tengd rafmagni frá landi nema til komi háspennukerfi, sem er kostnaðarsamt

verkefni. Þær erlendu hafnir sem hingað til hafa komið upp slíkum búnaði hafa notið til þess verulegra styrkja frá opinberum aðilum. Af hálfu Faxaflóahafna sf. er áhugi á því að háspennukerfi verði komið fyrir í nýjum hafnarbakka utan Klepps og samþykkir stjórn Faxaflóahafna sf. að hagkvæmni þess verði skoðuð í samvinnu við hagsmunaaðila. Jafnframt lýsir stjórn Faxaflóahafna sf. yfir vilja til að skoða samstarf við hagsmunaaðila um önnur tækifæri í aukinni notkun raforku, sem fallin eru til þess að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda á hafnarsvæðum fyrirtækisins.

Í tillögu að þingsályktun um stefnumótandi byggðaáætlun fyrir árin 2018 til 2024 er m.a. kveðið á um styrkja innviði fyrir rafvæðingu hafna, þ.m.t. aðgengi að raforkutengingum í höfnum. Þetta eigi að stuðla að orkuskiptum í samgöngum. Til þess að ná árangri í háspennuvæðingu hafna er ljóst að til þarf að koma stefnumótun ríkis og fjárframlag til að hrinda verkefninu í framkvæmd. Stjórn Faxaflóahafna sf. lýsir yfir vilja til þess að taka þátt mótun stefnu á þessu sviði, en mikilvægt er að orkufyrirtæki og fulltrúar skipaútgerða komi einnig að málum. Með landtenginu stærri skipa og tilkomu afhendingarbúnaðar háspennu er án vafa unnt að ná raunverulegum árangri í að takmarka losun gróðurhúsalofttegunda í höfnum landsins, en þeim árangri verður ekki náð nema með samstilltu átaki allra aðila.



Úthlutun úr Endurmenntunarsjóði grunnskóla 2018

Alls bárust umsóknir um styrki til 209 verkefna frá 77 umsækjendum upp á rúmar 101 milljón króna. Áveðið var að veita styrki til 208 verkefna og nam heildarfjárhæð styrkloforða kr. 47.691.000.

Eins og fram kom í auglýsingu voru áherslusvið sjóðsins að þessu sinni verkefni sem tengjast bekkjarbrag, lærdómssamfélaginu og foreldrasamvinnu. Margar umsóknir bárust til slíkra verkefna. Töluvert var sótt um verkefni sem er ætlað að fyrirbyggja og draga úr erfiðri hegðun nemenda og festa í sessi jákvæða hegðun og líðan þeirra. Jafnframt var talsvert sótt um verkefni sem miða að því að auka færni kennara í tölvu- og upplýsingatækni.

Eftirtaldir aðilar hlutu styrk úr Endurmenntunarsjóði grunnskóla árið 2018 vegna verkefna sem koma eiga til framkvæmda á skólaárinu 2018-2019.

Umsækjandi	Kennitala	Fjöldi verkefna	Styrkfjárhæð
Skólar alls:		78	15.769.000
Akurskóli	6009052010	1	468.000
Álftanesskóli	5701696109	3	468.000
Árbæjarskóli	5302697609	1	90.000
Árbæjarskóli í samvinnu við Ártúnsskóla og Selásskóla	5302697609	1	810.000
Árbæjarskóli í samvinnu við Ártúnsskóla, Dalskóla, Inngunnarskóla, Norðlingaskóla, Selásskóla og Sæmundarskóla	5302697609	1	260.000
Barnaskóli Hjallastefnunnar í Garðabæ	5504992039	2	468.000
Borgarhólsskóli	6710889649	1	216.000
Eskifjarðarskóli	4706982099	1	200.000
Fellaskóli	5302697609	1	468.000
Flataskóli	5701696109	8	468.000
Garðaskóli	5701696109	5	468.000
Gerðaskóli	5701694329	1	180.000
Glerárskóli	6710889219	1	108.000
Grunnskóli Fjallabyggðar í samstarfi við Brekkuskóla, Dalvíkurskóla, Hrafnagilsskóla, Oddeyrarskóla og Þelamerkurskóli	5807060880	1	216.000
Grunnskóli Reyðarfjarðar í samstarfi við grunnskóla á Austurlandi	6810886289	1	216.000
Grunnskóli Snæfellsbæjar í samstarfi við Félags- og skólaþjónustu Snæfellinga og grunnskóla á Snæfellsnesi	5106942449	1	144.000
Grunnskóli Vestmannaeyja	6902690159	2	468.000
Grunnskólinn á Hólmavík í samstarfi við Grunnskólann á Drangsnesi, Reykhólaskóla og Auðarskóla	6710887789	3	288.000
Grunnskólinn í Stykkishólmi	606834849	1	288.000
Heiðarskóli Reykjanesbæ	4909992809	1	468.000



Umsækjandi	Kennitala	Fjöldi verkefna	Styrkjárhæð
Hofsstaðaskóli	5701696109	5	285.000
Hrafnagilsskóli	5009740289	3	468.000
Hvolsskóli	5201810249	2	252.000
Hörðuvallaskóli	4805061030	3	468.000
Ingunnarskóli	5302697609	2	468.000
Kópavogsskóli í samstarfi við grunnskóla Kópavogsbæjar	1302642129	1	324.000
Krikaskóli	4702695969	1	288.000
Landakotsskóli	6605051210	1	468.000
Laugalækjaskóli	5302697609	1	252.000
Laugarnesskóli	5302697609	1	252.000
Naustaskóli	5301090110	2	468.000
Njarðvíkurskóli	6710884689	2	468.000
Oddeyrarskóli	4911872639	1	468.000
Reykholaskóli	4407872589	1	180.000
Salaskóli	6706013070	2	468.000
Sjálalandsskóli	5701696109	2	430.000
Stóru-Vogaskóli	6710885499	1	468.000
Sæmundarskóli	5302697609	1	360.000
Urriðaholtsskóli	5701696109	1	468.000
Varmahlíðarskóli	5506982349	1	54.000
Varmárskóli	6710884849	3	468.000
Vatnsendaskóli	5808051080	1	234.000
Vættaskóli	5302697609	1	180.000
Pelamerkurskóli í samstarfi við Grunnskóla Fjallabyggðar og Dalvíkurskóla	5101013830	1	270.000
Pelamerkurskóli í samstarfi við Oddeyrarskóla og Hrafnagilsskóla	5101013830	1	500.000
Skólaskrifstofur alls:		109	27.210.000
Akraneskaupstaður - Skóla- og frístundasvið	4101694449	3	972.000
Borgarbyggð - Fjölskyldusvið	5106942289	1	612.000
Félags- og skólaþjónusta A-Húnavatnssýslu í samvinnu við Húnaþing vestra	6805982319	1	612.000
Félags- og skólaþjónusta Rangárvalla- og Vestur Skaftafellssýslu	7103032580	7	594.000
Fjarðabyggð - Skólaskrifstofa	4706982099	4	702.000
Fljótsdalshérað - Fræðslu- og menningarsvið	4810043220	4	612.000
Garðabær - Skóladeild	5701696109	4	1.728.000
Garðabær - Skóladeild fyrir hönd SSH	5701696109	1	1.920.000
Ísafjarðarbær - Skóla- og tómstundasvið	5405962639	7	612.000
Menntasvið Kópavogsbæjar	7001693759	6	2.448.000
Reykjanesbær - Fræðslusvið	4707942169	1	1.728.000
Reykjavíkurborg - Skóla- og frístundasvið	5302697609	40	8.208.000
Skóla- og velferðarþjónusta Árnesþings	6501694849	7	738.000
Skólaskrifstofa Austurlands	5305962309	5	666.000
Skólaskrifstofa Hafnarfjarðar	4909962149	6	2.268.000



Umsækjandi	Kennitala	Fjöldi verkefna	Styrkfjárhæð
Skólaskrifstofa Mosfellsbæjar	4702695969	3	1.188.000
Skólaþjónusta Norðurlþings	6401695599	3	432.000
Sveitarfélagið Árborg - Skólaþjónusta	6505982029	5	1.008.000
Sveitarfélagið Skagafjörður - Fjölskyldusvið	5506982349	1	162.000
Aðrir alls:		21	4.712.000
Félag fagfólks á skólasöfnum	6405760229	1	180.000
Félag heimspekikennara	6712963549	1	180.000
Félag íslenskra sérkennara	6706790129	1	176.000
Flötur - samtök stærðfræðikennara	5603932459	2	360.000
Háskóli Íslands - Menntavísindasvið - NaNO	6001692039	1	306.000
Jón Karlsson	2104695679	1	180.000
Landvernd	6409710459	2	270.000
Lúðvík Eckardt Gústafsson og Ólafur Halldórsson	1405517249	1	180.000
Miðstöð skólaþróunar Háskólans á Akureyri	5206871229	8	1.440.000
Miðstöð skólaþróunar Háskólans á Akureyri í samstarfi við Menntavísindasvið Háskóla Íslands	5206871229	1	1.080.000
Raddir Reykjavíkur sf.	4912100440	1	180.000
Uppbygging sjálfsaga	5104081520	1	180.000
Alls:		208	47.691.000

Komið sæl,

Formaður allsherjar- og menntamálanefnd, Páll Magnússon, óskar eftir því að eftirfarandi aðilar komi á fund nefndarinnar, föstudaginn 20. apríl kl. 10:20

Fundarefnið er: Þjóðarsátt um bætt kjör kvennastétta, 50.
mál <http://www.althingi.is/altext/148/s/0050.html>

Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga

Félag kvenna í atvinnurekstri

Kvenréttindafélag Íslands

Reykjavíkurborg

Vinsamlegast staðfestið mætingu á fund nefndarinnar.

Bestu kveðjur,

Sigrún Helga

Sigrún Helga Sigurjónsdóttir
ritari

Skrifstofa Alþingis, nefndasvið
Austurstræti 8-10

150 Reykjavík
sigruns@althingi.is
www.althingi.is

s. 563-0500



Reykjavík, 5. apríl 2018
R18010001

Borgarráð
Ráðhúsi Reykjavíkur

Málsnr.: R18010072
Skjalasafn Ráðhúss
17. apríl 2018
Bréfalykill: 5252

Efni: Skýrsla samkvæmt 37. gr. innkaupareglna Reykjavíkurborgar
Um er að ræða lögstjóðendur nema annað sé tekið fram.

Yfirlit yfir verkefni Innkaupadeildar f.h. upplýsingatæknideildar Reykjavíkurborgar í mars 2018

Teg. verks / vöru / þjónustu	Seljandi / samn.aðili	Samnings- verð	Kostn.áætl.	Teg. samn./ samn.tími	Innkaup / útboð / fyrirspurn	Hver tók ákvörðun
A3 Fjölnotatæki	Origo ehf	638.950	Ekki lögð fram	Pöntun	Verðfyrirspurn	upplýsinga- tæknideild
Skjáiir	Advania hf	2.016.230	Ekki lögð fram	Pöntun	Örútböð	upplýsinga- tæknideild
Ljósleiðarabringur	Fjarskipti (Vodafone)	33.065.088	46,0 m.kr.	Pöntun	Örútböð	upplýsinga- tæknideild
Cisco fjarfundarbúnaður	Sensa ehf	3.901.936	Ekki lögð fram	Pöntun	Verðfyrirspurn	upplýsinga- tæknideild
Service Desk hugbúnaðarleyfi	Premis ehf	3.489.513	Ekki lögð fram	Pöntun	Verðfyrirspurn	upplýsinga- tæknideild

Yfirlit yfir verkefni Innkaupadeildar f.h. skrifstofu eigna- og atvinnubrúunar Reykjavíkurborgar í mars 2018

Teg. verks / vöru / þjónustu	Seljandi / samn.aðili	Samnings- verð	Kostn.áætl.	Teg. samn./ samn.tími	Innkaup / útboð / fyrirspurn	Hver tók ákvörðun
Sláttuvél	Vetrarsól ehf	6.085.000	6.500.000	Pöntun	Verðfyrirspurn	Umhverfis- og skipulagssvið
Perlan Öskjuhlíð. Endurnýjun flóttastiga 2018	Ponio ehf	26.676.500	23.796.500	Verksamn. / verkl. 15.4.18	Verðfyrirspurn	skrifstofa eigna- og atvinnubr.

Yfirlit yfir verkefni Innkaupadeildar f.h. Reykjavíkurborgar í mars 2018

Teg. verks / vöru / þjónustu	Seljandi / samn.aðili	Áætl. velta á ársgrundv.	Teg. samn./ samn.tími	Innkaup / útboð / fyrirspurn	Hver tók ákvörðun
Bifreiðar	Bílaumboðið Askja ehf., Hekla hf., Brimborg ehf., TK bílar ehf., BL ehf., Lykill fjármögnun ehf., Bílaleiga Flugleiða Hertz ehf., AKA ehf.	Óþekkt	Rammasamn. / samn.lok 26.3.2022	EES Útböð	Innkauparáð

Guðbjörg Eggertsdóttir
innkaupadeild Reykjavíkurborgar

Linda Sif Sigurðardóttir

Frá: Bergljót Gunnlaugsdóttir <bergljotgunnl@gmail.com>
Sent: mánudagur, 12. mars 2018 19:56
Til: Styrkir
Efni: menningarsaga- börn - ferðamenn - menningarmiðlun - þjónusta - menntun.
Viðhengi: Retrostofan BTG.pdf; Retrostofan uppkast að verkaætlun.xls

Eftirfylgniflagg: Fylgja eftir
Flaggstaða: Flaggað

Flokkar: Appelsínugulur flokkur

Málsnr.: R180409/ Skjalasafn Ráðhúss 24. apríl 2018 Bréfalykill: 1252
--

Heil og sæl

Erindið er ætlað sviðum ferðamála, menningarmála og skóla- og frístundamála.
Þetta er ekki umsókn um beinan fjárstyrk heldur varðar það húsnæði undir starfsemi.

Starfsemin snertir eftirfarandi þætti; menningarsaga- börn - ferðamenn - menningarmiðlun - þjónusta - menntun.
Hugmyndin er fullmótuð þó breytingar séu ekki útilokaðar þegar til kemur. Við það get bæst fleiri þróunarmöguleikar ef þörf krefur. Þeir hlutir sem innihalda starfseminu eru nú þegar fyrir hendi að mestu leyti.

Ýmsir vankantar er á að geta fullunnið fjárhagsáætlun en þetta erindi lýtur einmitt að stórum þætti hennar, húsnæði og húsnæðiskostnaði.
Hér er því verið að fara þess á leit hvort að Reykjavíkurborg gæti fundið flöt á því að eiga sinn þátt í því að koma starfseminni af stað gegn þjónustu við a) grunnskóla borgarinnar b) ferðamenn eða c) tekjum.

Vinsamlegast sendið erindið til réttara aðila, kynnið ykkur viðskiptahugmyndina í viðhengi eða leiðbeinið með hvert er best að snúa sér.

Með vinsemd og virðingu

Fyrir hönd Retrostofunar ehf
Bergljót Tulinius Gunnlaugsdóttir

Bergljót Tulinius Gunnlaugsdóttir
661-7338 • bergljotgunnl@gmail.com
Stigahlíð 90, 105 Reykjavík

Retrostofan

Uppkast að viðskiptahugmynd
Bergljót Tul. Gunnlaugsdóttir, feb. 2018.

Hér er aðeins um uppkast að ræða og ekki er útilokað að áherslurnar þróist aðeins til hliðar við það sem að hér er lagt upp með. Hér vantar einnig yfirlit yfir startkostnað en sá kostnaður getur haft töluvert að segja um rekstrarafkomu.

Retrostofan

Samkomustaður sem er í senn kaffihús, samkomustaður, sýningarsalur og menningarsögulegt safn, upplestrarsalur/leikhús þar sem allt er tileinkað tímabilinu 1920-70 og hefur skírskotun til barnmenningar og dægurmála.

Menningarsögulegt kaffihús/veitingastofa í retro stíl sem jafnframt er safn með sérstakri tilvísun í tímabilið þ.e. með barnabókum frá tímabilinu, leikföngum, tónlist, kvikmyndum o.fl. með þó eins nútímalegum hætti og hægt er. Munir, tónlist, bækur og munnlegur flutningur sem eru stemningsgefandi. Mikil áhersla verður lögð á að skapa rétt andrúmsloft.

Gildi Retrostofunnar byggja á menningarsögu, barnmenningu, umhverfisvernd og hollustu í takt við nútímalega og ábyrga umhverfishegðun.

Lögð verður áhersla á umhverfisvænan rekstur, engin einnota búnaður eða áhöld verða notuð við reksturinn og allt flokkað og endurnýtt. Þær veitingar sem að verða í boði munu bera vitni um sanngirni og ábyrgð því einnig verður lögð áhersla á hollustuhætti og heilbrigði, grænmetis og vegan réttir á boðstólnum og fjölbreytni gætt.

Samkvæmt 17 og 18. grein reglugerðar um veitingastaði, gístaði og skemmtanahald, 1277/2016 verður veitingarsalan í flokki II og tegund veitingarstaðar c.

Til að nýting verði sem best er dagskrá tvískipt, þ.e. bæði dagskipan á tímabilinu sept. til maí vegna skólahópa og árstíðabundin dagskrá þar sem reiknað er með fleiri ferðamönnum, innlendum og erlendum en engum skólahópum.


Vetrardagskrá er þannig að fyrri hluti dags (9-14.00) er ætlaður skólahópum aðallega en öllum öðrum eftir k. 14.00 en þessu er þó ekki stýrt öðruvísi en með bókunum hópa. Stefnt að nýjum viðburði mánaðarlega yfir vetrartímamann.

Bergljót Tulinius Gunnlaugsdóttir
661-7338 • bergljotgunnl@gmail.com
Stigahlíð 90, 105 Reykjavík

Sérstaða

Kaffihús með þema sem er einstakt á landinu, með dagskrá, munum, fræðsluefni, innréttingum og matseðli sem allt hefur skírskotun til tímans 1920-70, með sérstakri áherslu á barnamenningu á þessum tíma, þ.e. bókmenntum, tónlist, leikjum og lífsháttum.

Á fjórða hundrað barnabóka eftir íslenska höfunda frá 1920 - fyrir 1970 og leikföng frá tímabilinu verða til sýnis og barnalög í lofti.



Markhópar

- 1) Nemendahópar, grunn- og framhaldsskóla (vetur) Afþreyingarvalkostur sem hefur menningar- og fræðslugildi.
- 2) Leikskólar Reykjavíkurborgar – ef Rvk-borg styrkir starfsemina í formi húsnæðis / lærri leigu skuldbindur Retrostofan sig til að hafa leiksýningar fyrir leikskóla í Rvk, 2 x á ári.
- 3) Ferðamannahópar (sumar og vetur) – miðlun dægurmenningarsögu Ísl.
- 4) Eldri borgarar – innan og utan höfuðborgarsvæðis – (í nostalgíu innliti).
- 5) Allir aðrir - bókmenntaunnendur o.fl.

Mannauður.

Eftir að veitingasafnið er komið í fullan rekstur, er reiknað með 4 störfum.

Veitingasala / framleiðsla: 2,5 störf

Rekstur, bókanir, innkaup, bókhald: 1 starf

Prífi : 0,50 starf.

Upplæstur / flutningur dagskráa (leikskóla- og grunnskóla.): árstíðabundið 0,25-0,50 starf að meðaltali. (verktaka?)

Ritun, undirbúningur og framsetning fræðslu- og skemmtiefnis, móttaka leikskóla: 1 starf.

Launakostnaður um 24 millj. á ári.?


Bergljót Tulinius Gunnlaugsdóttir

661-7338 • bergljotgunnl@gmail.com

Stigahlíð 90, 105 Reykjavík

Dagskrá

Til að nýting verði sem best er dagskrá tvískipt, þ.e. bæði dagskipan á tímabilinu sept. til maí vegna skólahópa og árstíðabundin dagskrá þar sem reiknað er með fleiri ferðamönnum, innlendum og erlendum en engum skólahópum. Vetrardagskrá er þannig að fyrri hluti dags (9-14.00) er ætlaður skólahópum aðallega en öllum öðrum eftir k. 14.00 en þessu er þó ekki stýrt öðruvísi en með bókunum hópa. Stefnt að nýjum viðburði mánaðarlega yfir vetrartímam.



Sérstök dagskrá er í gangi, sept. – apríl. fyrir grunnskólanemendur. Menningarsögulegt fræðsluefni, leikflutningur, tónlist, upplæstur úr íslenskum bókum þess tíma, sýning, leikföngum þess tíma, veitingar og vinnuborð ef óskað er. Mögulegir viðburðir:

- Leiklestur eða flutningur efnis sem byggir á ævintýrum/bókmenntum eða fræðsluefni í léttum búningi. Ætlað skólahópum.
- Áhugaleikhópum boðið að vera með dagskrá (Halaleikhópurinn, Lotta, Perlan o.fl.)
- Samstarf við eldri borgara um flutning á æskuminningum / um lífshætti og leiki.
- Íslendingar af erlendum uppruna segja frá barnæsku sinni í gestadagskrám.

Mai-sept. Fræðslu- og skemmtiefni á a.m.k. ensku og helst fleiri málum um menningu og daglegt líf á Íslandi á þessum tíma í dreifbýli og þéttbýli. Dæгурtónlist, efni úr íslenskum dagblöðum frá þeim tíma o.þ.h.

Fjármögnun.

Nokkuð ljóst er að öllu máli skiptir hversu mikið fjármagn er lagt af stað upp með, þar sem lánaafborganir geta orðið þungar. Aðeins er gerður samningar, þ.e. ráðningarsamningar og leigusamningar til 1. árs til að lágmarka áhættuna.

Reiknað er með eigið fjármagn + rekstrarlán + ‚start‘ styrkir til uppbyggingar.

Aðgangur verður eingöngu í gegnum kaup að hlaðborði og Retrostofunni saman. Tvær flugur í einu höggi en á sanngjörnu samkeppnishæfu verði. Hópar undir 18 ára aldri geta valið að greiða litið verð án hlaðborðs eða með en þó á niðursettu verði. Í heildina er hér reiknað með hóflegu samkeppnishæfu verði með ferðamannahópa í huga.

Grunnskólanemendur greiða l aðgangseyri en á Stór-Reykjavíkursvæðinu á aldrinum 5-19 ára eru yfir 42. þús. og endurnýjun sem svarar einum árgangi á sér stað árlega. Af þessum

hópi má reikna með a.m.k. 10 % þeirra eða um 4-5 þús. gestum árlega. (ekki er reiknað með tekjum af leikskólagestum vegna styrkja frá borginni) 4 millj. ?

Ferðamenn ef um 2 mill. ferðamann koma til landsins er reiknað með að allt að 5 % þeirra, ca. 100 þús. ferðamenn skilji eftir sig um 20 millj. árlega. Hér er spurning um hversu mörgum staðurinn gæti tekið á móti. Retrostofan er aðeins aðgengileg frítt með keyptum veitingum, annars aðgöngueyrir. 28 millj. ?

Það sama gildir um aðra innlenda gesti og eldri borgara, Retrostofan er aðeins aðgengileg frítt með keyptum veitingum en bæði eldri borgarar og skólanemendur fá afsláttarkjör. 12 millj. ?

Lögð verður mikil áhersla á markaðsfærslu og kynningar á Retrostofunni á samfélagsmiðlum og eftir helst kostnaðarlausum hefðbundnum og óhefðnum leiðum. Boð og kynningar verða send á skólanetföng bæði á höfuðborgarsvæðinu og utan, á öll netföng leiðsögumanna og ferðaskrifstofa, bæklingar verður dreift á öllum helstu stöðvum, fréttatilkynningar sendar í blöð og allar hugsanlegar aðferðir nýttar.

Árlegur rekstrarkostnaður		Árl. tekjur	
Laun starfsfólks	24.000.000	Ferðamenn	28 m
Launatengd gjöld		5-18 ára	4,5 m
Hiti / rafmagn	750.000	Aðrir	14 m.
Vottorð / leyfisveitingar	50.000		

Skattar og gjöld

Viðhald húsnæðis

500.000

Staðsetning

Eftirsóknasta staðsetningin á höfuðborgarsvæðinu er innan borgarmarka og ekki lengra en sem nemur 20 mín. keyrslu frá flestum skólum, þar með talið Hafnarfirði og Mosfellsbæ.

Ef ekki fæst húsnæði er staðsetning nálægt stór Rvk svæðinu æskileg. Við það minnka líkurnar á heimsókn skólahópa en á móti kemur að minni samkeppni er frá öðrum áhugaverðum stöðum og söfnum.

Verkátun

- 1) Fullvinna fjárhagsáætlun
- 2) Sækja um styrki
- 3) Finna samstarfsaðila
- 4) Tala við borgina um hugsanlega staði til leigu
- 5) Hanna kynningarefni, prenta, dreifa.
- 6) Finna hugsanlega styrkveitendur
- 7) Upplýsingaöflun, heimildasöfnun fyrir dagskrá
- 8) Sníða / semja dagskrá

Verkætlun	2018	Nafn: Retrostofan												
Verkþættir	Vikur	Jan	Feb.	Mars	April	Maj	Júní	Júlí	Ágúst	Sept.	Okt.	Nóv.	Des.	Ábyrgð
1) Fullvinna fjárhagsáætlun														
2) Finna/sækja um styrki			x	x	x									
3) Finna samstarfsaðila					x	x								
4) Ath. borgina v. húsnæðis														
5) Auglýsingaefni, prenta, dreifa				x	x	x	x	x	x	x	x	x		
6) heimildasöfnun fyrir dagskrá			x	x	x									

Kostnaðaráætlun

Verkþættir	Jan	Feb.	Mars	April	Maj	Júní	Júlí	Ágúst	Sept.	Okt.	Nóv	Des.	Samtals
húsnæði													0
Málning og undirbúningur													0
Sýningar, uppsetning													0
Húsbúnaður / veitingabúnaður													0
Markaðsfærsla, auglýsingar													0
Launakostnaður v. undirbúning													0
Samtals	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0

Fjármögnun	Jan	Feb.	Mars	April	Maj	Júní	Júlí	Ágúst	Sept.	Okt.	Nóv	Des.	Samtals
													0
													0
													0
Samtals	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0

Vinsamlegast framsendið til kjörinna fulltrúa, framkvæmdastjóra og stjórnenda sviða og stofnana

Sæl og bless,
Sambandið hélt kynningarfund 22. mars sl. um nýlega handbók þess um íbúasamráð í sveitarfélögum.

Ég vil vekja athygli ykkar á að kynningar og upptaka af kynningarfundinum eru á

<http://www.samband.is/verkefningin/lydraedis--og-mannrettindamal/handbok-um-ibuasamrad-og-thattoku-ibua/>

og minna svo á íbúasamráðshóp sveitarfélaga á fésinu sem hægt er tengjast í gegnum

<https://www.facebook.com/groups/144440596147194/>

mgkv

Anna Guðrún

cid:652535009@040 **Anna Guðrún Björnsdóttir**
12007-1032 sviðsstjóri þróunar- og alþjóðasviðs
Beint innval: 515 4920
Netfang: <mailto:anna.g.bjornsdottir@samband.is>

Samband íslenskra sveitarfélaga
Borgartúni 30, pósthólf 8100 128 Reykjavík
Sími: 515 4900 // Fax: 515 4903
www.samband.is

Vinsamlega athugið að þessi tölvupóstur og viðhengi hans eru eingöngu ætluð þeim sem tölvupósturinn er stílaður á og gætu innihaldið upplýsingar sem eru trúnaðarmál. Hafir þú fyrir tilviljun, mistök eða án sérstakrar heimildar tekið við tölvupósti þessum og viðhengjum hans biðjum við þig að fara eftir 9. mgr. 47. gr. laga nr. 81/2003 um fjarskipti og gæta fyllsta trúnaðar og tilkynna okkur að þau hafi ranglega borist þér.

Frá: Anna Sigurðardóttir <anna@brunabot.is>
Sent: föstudagur, 20. apríl 2018 14:11
Til: Anna Sigurðardóttir <anna@brunabot.is>
Efni: Styrktarsjóður EBÍ - Umsóknarfrestur til 30. apríl n.k.

Góðan dag og gleðilegt sumar.

Ég minni á að umsóknarfrestur í Styrktarsjóð EBÍ er til 30. apríl n.k.

Tilgangur sjóðsins er að styðja og styrkja með fjárframlögum sérstakar athuganir eða rannsóknir á ýmsum þróunarpáttum í atvinnulífi, samgöngum, fræðslu- og menningarmálum. **Athugið að almenn og lögbundin rekstrarverkefni sveitarfélaga eru ekki styrkhæf.**

Á heimasíðu EBÍ eru reglur sjóðsins og umsóknareyðublað:

http://brunabot.is/styrktarsjodur_reglur.html

Vinsamlegast sendið umsóknina rafrænt á netfangið brunabot@brunabot.is

Allar nánari upplýsingar veitir undirrituð.

Bestu kveðjur
Anna

20. apríl 2018
Frá nefndasviði Alþingis.

Ágæti viðtakandi.

Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis sendir yður til umsagnar frumvarp til laga um mat á umhverfisáhrifum (EES-reglur, stjórnvaldssektir o.fl.), 467. mál.

Þess er óskað að undirrituð umsögn berist eigi síðar en 4. maí á netfangið nefndasvid@althingi.is

Ef engar athugasemdir eru þarf ekki að senda sérstaka tilkynningu þess efnis.
Þingskjalið er hægt að sækja á vef Alþingis: <http://www.althingi.is/altext/148/s/0673.html>

Vakin er athygli á því að nefndastarf fastanefnda Alþingis er rafrænt. Óskað er eftir að umsagnir og erindi verði send á rafrænu formi.

Bent skal á að umsagnir og gögn um málið birtast á vef Alþingis undir fyrirsögninni Innsend erindi á síðu viðkomandi þingmáls.

Leiðbeiningar um ritun umsagna er að finna á vef Alþingis á slóðinni
www.althingi.is/vefur/nefndaumsagnir.html

Kveðja,
Hildur Edwald
skjalaritari
skrifstofu Alþingis, nefndasviði
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík
sími 563-0422
www.althingi.is

20. apríl 2018
Frá nefndasviði Alþingis.

Ágæti viðtakandi.

Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis sendir yður til umsagnar frumvarp til laga um skipulag haf- og strandsvæða, 425. mál.

Þess er óskað að undirrituð umsögn berist eigi síðar en 4. maí á netfangið nefndasvid@althingi.is

Ef engar athugasemdir eru þarf ekki að senda sérstaka tilkynningu þess efnis.
Þingskjalið er hægt að sækja á vef Alþingis: <http://www.althingi.is/altext/148/s/0607.html>

Vakin er athygli á því að nefndastarf fastanefnda Alþingis er rafrænt. Óskað er eftir að umsagnir og erindi verði send á rafrænu formi.

Bent skal á að umsagnir og gögn um málið birtast á vef Alþingis undir fyrirsögninni Innsend erindi á síðu viðkomandi þingmáls.

Leiðbeiningar um ritun umsagna er að finna á vef Alþingis á slóðinni
www.althingi.is/vefur/nefndaumsagnir.html

Kveðja,
Hildur Edwald
skjalaritari
skrifstofu Alþingis, nefndasviði
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík
sími 563-0422
www.althingi.is

20. apríl 2018
Frá nefndasviði Alþingis.

Ágæti viðtakandi.

Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis sendir yður til umsagnar tillögu til þingsályktunar um stefnumarkandi landsáætlun um uppbyggingu innviða til verndar náttúru og menningarsögulegum minjum 2018 - 2029

Þess er óskað að undirrituð umsögn berist eigi síðar en 4. maí á netfangið nefndasvid@althingi.is

Ef engar athugasemdir eru þarf ekki að senda sérstaka tilkynningu þess efnis.
Þingskjalið er hægt að sækja á vef Alþingis: <http://www.althingi.is/altext/148/s/0689.html>

Vakin er athygli á því að nefndastarf fastanefnda Alþingis er rafrænt. Óskað er eftir að umsagnir og erindi verði send á rafrænu formi.

Bent skal á að umsagnir og gögn um málið birtast á vef Alþingis undir fyrirsögninni Innsend erindi á síðu viðkomandi þingmáls.

Leiðbeiningar um ritun umsagna er að finna á vef Alþingis á slóðinni www.althingi.is/vefur/nefndaumsagnir.html

Kveðja,
Hildur Edwald
skjalaritari
skrifstofu Alþingis, nefndasviði
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík
sími 563-0422
www.althingi.is

20. apríl 2018
Frá nefndasviði Alþingis.

Ágæti viðtakandi.

Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis sendir yður til umsagnar frumvarp til laga um Póst- og fjarskiptastofnun o.fl. (gjaldtaka fyrir tíðnir og alþjónusta), 454. mál

Þess er óskað að undirrituð umsögn berist eigi síðar en 4. maí á netfangið nefndasvid@althingi.is

Ef engar athugasemdir eru þarf ekki að senda sérstaka tilkynningu þess efnis.
Þingskjalið er hægt að sækja á vef Alþingis: <http://www.althingi.is/altext/148/s/0653.html>

Vakin er athygli á því að nefndastarf fastanefnda Alþingis er rafrænt. Óskað er eftir að umsagnir og erindi verði send á rafrænu formi.

Bent skal á að umsagnir og gögn um málið birtast á vef Alþingis undir fyrirsögninni Innsend erindi á síðu viðkomandi þingmáls.

Leiðbeiningar um ritun umsagna er að finna á vef Alþingis á slóðinni
www.althingi.is/vefur/nefndaumsagnir.html

Kveðja,
Hildur Edwald
skjalaritari
skrifstofu Alþingis, nefndasviði
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík
sími 563-0422
www.althingi.is

Komið sæl,

Formaður allsherjar- og menntamálanefndar Alþingis, Páll Magnússon, óskar eftir því að eftirtaldir aðilar komi á fund nefndarinnar, þriðjudaginn 24. apríl kl. 10:00.

Fundarefnið er: Þjóðskrá Íslands, 339. mál <http://www.althingi.is/altext/148/s/0450.html>

Þjóðskrá Íslands
Hagstofa Íslands
Persónuvernd
Reykjavíkurborg

Vinsamlegast staðfestið mætingu á fund nefndarinnar.

Bestu kveðjur,
Sigrún Helga

Sigrún Helga Sigurjónsdóttir
ritari
Skrifstofa Alþingis, nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík
sigruns@althingi.is <<mailto:sigruns@althingi.is>>
www.althingi.is <<http://www.althingi.is/>> s. 563-0500

[[cid:image001.png@01D383D1.58AA36B0](#)]

20. apríl 2018
Frá nefndasviði Alþingis.

Ágæti viðtakandi.

Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis sendir yður til umsagnar tillögu til þingsályktunar um stefnumótandi byggðaaáætlun 2018 – 2024, 480. mál.

Þess er óskað að undirrituð umsögn berist eigi síðar en 4. maí á netfangið nefndasvid@althingi.is<<mailto:nefndasvid@althingi.is>>

Ef engar athugasemdir eru þarf ekki að senda sérstaka tilkynningu þess efnis. Þingskjalið er hægt að sækja á vef Alþingis: <http://www.althingi.is/altext/148/s/0690.html>

Vakin er athygli á því að nefndastarf fastanefnda Alþingis er rafrænt. Óskað er eftir að umsagnir og erindi verði send á rafrænu formi.

Bent skal á að umsagnir og gögn um málið birtast á vef Alþingis undir fyrirsögninni Innsend erindi á síðu viðkomandi þingmáls.

Leiðbeiningar um ritun umsagna er að finna á vef Alþingis á slóðinni www.althingi.is/vefur/nefndaumsagnir.html<<http://www.althingi.is/vefur/nefndaumsagnir.html>>

Kveðja,
Hildur Edwald
skjalaritari
skrifstofu Alþingis, nefndasviði
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík
sími 563-0422
www.althingi.is<<http://www.althingi.is>>

Tillaga verkefnahóps um rafrænar póstsendingar – vegna athugasemda fjármálaskrifstofu

Kjaradeild - Launamiðar

Launamiðar í pappírformi eru sendir einu sinni í byrjun hvers árs frá Reykjavíkurborg til launþega. Fjöldi er í kringum 12.000 launamiðar. Það eru ekki laga- eða regluákvæði sem kveða á um að Reykjavíkurborg skuli senda starfsmönnum sínum útprentaða launamiða. Því telur verkefnahópurinn ekkert því til fyrirstöðu að taka upp það breytta fyrirkomulag að birta starfsmönnum sínum launamiða einungs með rafrænum hætti.

Tillaga 1. Lagt er til að í byrjun árs 2018 verði launamiðar ekki prentaðir út og sendir heldur birtir með rafrænum hætti, t.d. á einhverjum af eftirtöldum vefsíðum: heimabanka, Island.is eða Mínum síðum á reykjavik.is.

Ábyrgð: fjármálaskrifstofa - kjaradeild; Samstarfsaðilar: verkefnahópur um rafrænar póstsendingar.

Samkvæmt umsögn fjármálaskrifstofu voru launamiðar sendir rafrænt 2018, þó virðist sem a.m.k. launamiðar vegna ferðakostnaðar starfsmanna hafi verið sendir í bréfpósti 2018 til starfsmanna. Verkefnahópurinn fagnar þeim árangri sem hefur náðst en leggur til að engir launamiðar verði sendir með bréfpósti árið 2019.

Fjárstýringadeild – Álagningaseðlar fasteignagjalda

Álagningaseðlar fasteignagjalda í pappírformi eru sendir í byrjun hvers árs. Fjöldinn er í kringum 55.000 talsins. Álagning fasteignagjalda er skattheimta og þarf því að birta álagninguna með sannanlegum hætti. Verkefnahópurinn telur að hægt sé að fara sömu leið og t.d. Hafnarfjarðarbær og Mosfellsbær þar sem birting álagningar fasteignagjalda fer fram með rafrænum hætti. Það má þó taka það til skoðunar hvort ástæða sé til að taka þá breytingu í skrefum t.d. hafa fyrst ákveðna aðlögun og bjóða viðskipavinum að velja hvort þeir vilji fá álagningaseðlana á rafrænu formi.

Tillaga 2. Lagt er til að setja markmið að í byrjun árs 2019 hafi útprentuðum álagningaseðlum fækkað um 50% og í byrjun árs 2020 verði einungis sendir út álagningaseðlar til 75 ára og eldri.

Ábyrgð: fjármálaskrifstofa - fjárstýringadeild; Samstarfsaðilar: verkefnahópur um rafrænar póstsendingar.

Verkefnahópurinn fagnar því að skoðun tillögunnar sé þegar hafin og væntir góðs samstarfs við útfærslu tillögunnar.

Bókhaldsdeild – Innkaupakort

Vinnulag vegna innkaupakorta er þannig í dag: handhafi kortsins ber ábyrgð á að senda uppgjör til bókhaldsdeildar tvisvar sinnum í mánuði (miðjan mánuð og í lok mánaðar). Senda þarf frumrit af kvittun og ef kvittun kemur á rafrænu formi s.s. vegna kaupa á netinu þarf að prenta hana út til að senda með uppgjörinu. Þetta er sent í möppum í innanhúspósti frá handhafa kortsins til bókhaldsdeildar og mappan er síðan send tóm til baka frá bókhaldsdeild. Ekki á að nota innkaupakort hjá þeim birgja sem er með samning við Reykjavíkurborg heldur á að notast við þar til gerðar beiðnir við að versla við þá aðila, en brotalöm er á því og handhafar kortanna fylgja þeirri reglu ekki nægjanlega vel og því óþarfa kvittanir sem þarf að senda á milli.

Tillaga 3. Lagt er til að skoðað verði hvort hægt sé að setja hömlur á notkun innkaupakorta þannig að ekki sé hægt að nota þau hjá þeim birgjum sem eru með samning við borgina. Það sem fengist með því væri innkaupaáðilar yrðu meðvitaðari um að versla við þá birgja sem eru með samning við Reykjavíkurborg og tryggja afsláttarkjör sem samið hefur verið um skiluðu sér ásamt því að minnka pappírmagn (kvittanir) sem senda þarf á milli vegna uppgjöra kortanna.

Ábyrgð: fjármálaskrifstofa; Samstarfsaðilar: verkefnahópur um rafrænar póstsendingar.

Verkefnahópurinn hvetur til að áfram verði haldið að leita lausna á framkvæmd þessarar tillögu.

Birting greiðsluseðla

Í dag þá eru rafrænir greiðsluseðlar til einstaklinga birtir undir rafrænum skjölum í heimabanka. Ákveðinn kostnaður er við birtingu greiðsluseðla í heimabanka sem borgin greiðir fyrir samkvæmt samning við viðskiptabanka borgarinnar. Verkefnahópnum finnst vert að skoða það hvaða stefnu borgin vill taka í þessum efnum þ.e. hvort borgin vilji t.d. fara þá leið að birta alla greiðsluseðla sem borgin gefur út á Mínum síðum eða jafnvel á island.is?

Tillaga 4. Lagt er til að tekin verði ákvörðun um hvaða leið borgin vilji fara með birtingu greiðsluseðla og ef séð er fram á að sú leið verði farin að birta þá eingöngu t.d. á Mínum síðum að farið verði í að útfæra og framkvæma þá aðgerð.

Ábyrgð: fjármálaskrifstofa; Samstarfsaðilar: Rafræn þjónustumiðstöð (með aðkomu allra sviða borgarinnar).

Verkefnahópurinn fagnar því að skoðun tillögunnar sé þegar hafin og væntir góðs samstarfs við útfærslu tillögunnar.

Boðgreiðslugátt

Á fundi með fjárstýringardeild komu fram áhyggjur af boðgreiðslugátt sem nú er notuð á Mínum síðum. Hún er ekki talinn nægilega örugg og uppfyllir ekki öryggisstaðla sem þurfa að vera til staðar. Samkvæmt upplýsingum fjárstýringardeildar var komin af stað vinna við að koma upp öruggeri boðgreiðslugátt. Sú vinna var í samvinnu við UTD. Hún stöðvaðist þegar starfsmaður UTD hætti störfum og hefur ekki verið haldið áfram með þá verkefnið síðan. Verkefnahópurinn ákvað því að koma þessu á framfæri og vísa þessari vinnu áfram í tillögu frá hópnum.

Tillaga 5. Lagt er til að vinna við nýja og örugga boðgreiðslugátt verði haldið áfram og því lokið fyrir lok máí 2018.

Ábyrgð: fjármálaskrifstofa; Samstarfsaðilar: rafræn þjónustumiðstöð og upplýsingatæknideild.

Verkefnahópurinn hefur engar athugasemdir við umsögn FMS hvað þennan lið varðar .

Greiðsluseðlar fyrirtækja


Fjöldi fyrirtækja fá greiðsluseðla í pappírformi senda til sín í pósti. Greiðsluseðillinn gildir sem reikningur sem fyrirtækin nota í bókhaldið hjá sér. Nú þegar eru nokkur hundruð fyrirtækja sem fá greiðsluseðla í gegnum rafræna reikningakerfið og er það fullgildir reikningar sem hægt er að nota í bókhald. Því telur verkefnahópurinn rétt að stefna að því að fyrirtæki fái almennt greiðsluseðla í gegnum rafræna reikningakerfið og fækka þar með útprentuðum greiðsluseðlum til þeirra.

Tillaga 6. Lagt er til að stefnan verði sett á að greiðsluseðlar til fyrirtækja verði orðnir rafrænir í lok árs 2019.

Ábyrgð: fjármálaskrifstofa; Samstarfsaðilar: rafræn þjónustumiðstöð.

Verkefnahópnum er kunnugt um þann góða árangur sem náðst hefur hjá fjármálaskrifstofu við rafvæðingu reikninga og leggur áherslu á mikilvægi þess að stefna að enn frekari notkun rafrænna reikninga.

Samþykkt á fundi verkefnahóps 21.3.2018



Reykjavík 15. mars 2018

Borgarstjóri Reykjavíkur

Dagur B. Eggertsson

Varðar: Skipulagsskrá Grundar

Með bréfi þessu óskar stjórn Grundar, 580169-1209, eftir samþykki borgarstjórnar Reykjavíkur á breytingu á skipulagsskrá Grundar.

Grund óskaði eftir því við Sýslumannsembættið á Norðurlandi vestra þann 15. mars 2016 að breyta nafni heimilisins úr Grund, elli- og hjúkrunarheimili í Grund hjúkrunarheimili. Aftur óskar stjórn Grundar eftir því við sama embætti þann 1. nóvember sama ár að breyta nafni Grundar hjúkrunarheimilis í Grund. Einhverra hluta vegna fórst fyrir að bera þessar nafnbreytingar undir borgarstjórn Reykjavíkur og er beðist velvirðingar á því. Með bréfi þessu er óskað eftir samþykki borgarstjórnar Reykjavíkur að ofangreindar nafnbreytingar gangi eftir.

Samhliða framangreindum nafnbreytingum kæmi *Grund* þá í stað *Elliheimilis* í greinum 1., 2., 3., 4, 5., 6., 7. og 8.

Þá er óskað eftir samþykki borgarstjórnar að við 1. grein bætist við eftirfarandi texti:

„Í þeim tilgangi að reka dvalar- og hjúkrunarheimilisþjónustu skal stjórn Grundar heimilt að stofna félagasamtök (almenn félög - Rekstrarform N1 hjá Fyrirtækjaskrá Ríkisskattstjóra) sem eru í eigu stofnunarinnar, undir yfirstjórn og á ábyrgð hennar. Þau almennu félög sem um ræðir eru nú Dvalarheimilið Ás, kt. 430169-1229 og Mörk hjúkrunarheimli kt. 600510-0100; en heimilt er stjórn Grundar að stofna önnur félög til reksturs dvalar eða hjúkrunarheimila í eigu stofnunarinnar. Hvert félaganna er sjálfstæður lögaðili og með sérstakar samþykktir sem marka réttarsambandið milli þeirra og móðurfélagsins; sjálfseignarstofnunarinnar Grundar.“

Óskað er eftir samþykki borgarstjórnar að úr fyrstu setningu 3. greinar falli „*búsettum í Reykjavík*“

Einnig er óskað eftir samþykki borgarstjórnar að 5. grein verði svo hljóðandi:

„Peningar þeir, sem Grund eða félög í eigu þess eiga eða eignast, skulu jafnóðum ávaxtaðir á þann hátt sem stjórnendur meta hagfelldastan á hverjum tíma.“


Þá er í lokin óskað eftir samþykki borgarstjórnar að breyta 7. og 8. grein á þann hátt að *bæjarstjórn* verði *borgarstjórn* og „*aðalsjúkrahús ríkisins „Landspítalans“*“ verði breytt í „*Landspítala háskólasjúkrahús.*“ Þar að auki verði stafsetning færð til nútímans, vjer verði vér o.s.frv.

Sjá meðfylgjandi endanlega undirritaða skipulagsskrá Grundar auk ljósrits af upphaflegu skipulagsskránni, sem fékkst send frá fulltrúa Sýslumanns Norðurlands vestra, Auði Steingrímsdóttur.

Greinargerð:

Skipulagsskrá Grundar er frá árinu 1925, staðfest af Kristjáni X Danakonungi 30. janúar sama ár, og hefur aldrei verið breytt. Starfsemi Grundar hefur vaxið undanfarin ár, sérstaklega má nefna aukin umsvif við Suðurlandsbraut 58 – 70. Þá leggur nýr samningur á milli heimilanna þriggja, Grundar, Áss og Markar annars vegar og Sjúkratrygginga Íslands hins vegar um hjúkrunarheimilisrekstur þeirra, auknar skyldur á heimilin að aðgreina rekstur fasteigna annars vegar og umönnunarþátt hins vegar. Til að geta komið til móts við slíkt ásamt því að skipulagsskráin standist nútíma kröfur opinberra aðila, t.d. RSK, hvað varðar stofnun, skráningu og rekstur tengdra félaga, hefur stjórn Grundar samþykkt breytingar á fyrrnefndri skipulagsskrá. Í upphaflegu skipulagsskránni er gert ráð fyrir að bæjarstjórn Reykjavíkur (nefnt þannig þá) samþykki þær breytingar sem kunna verða gerðar á henni.

Beiðni um breytingu á nafni heimilisins hefur ekki áður verið send borgastjórn Reykjavíkur eins og fram kemur í erindinu og eðlilegt má teljast að færa stafsetningu til nútímans. Þá telur stjórn Grundar óeðlilegt að útiloka aðra en íbúa Reykjavíkur til stjórnarsetu og að stjórn heimilisins hafi frelsi til að velja hvar fjármunir heimilisins verði ávaxtaðir.



Guðrún Birna Gísladóttir

Forstjóri Grundar

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir
Grund í Reykjavík

Vér undirritaðir stofnendur og núverandi stjórnendur Grundar við Kaplaskjólsvæg í Reykjavík gjörum hér með kunnugt :

Að elliheimili þetta sem stofnað var með almennum samskotum hér í bænum sumarið 1922 er sjálfseignarstofnun.

Eignir stofnunarinnar eru: Steinhúsið „Grund“ við Kaplaskjólsvæg ásamt timburskemmu, erfðafestulandi og innanstokksmunum en á þeim hvíla þær ógreiddar skuldir sem stofnaðar hafa verið vegna heimilisins.

Samkvæmt framanskriðuðu, leyfum vér oss nú að setja stofnun þessari eftirfylgjandi:

SKIPULAGSSKRÁ.

1.gr.

Tilgangur stofnunarinnar er og skal jafnan vera sá, að veita gamalmennum heimilisvist á Grund og góða umönnun með svo vægum kjörum sem frekast er unnt, eða jafnvel ókeypis þegar þess er kostur. Í þessu skyni veitir hún viðtöku gjöfum og hverskonar styrktarfé gömlu fólki til uppeldis.


Í þeim tilgangi að reka dvalar- og hjúkrunarheimilisþjónustu skal stjórn Grundar heimilt að stofna félagasamtök (almenn félög - Rekstrarform N1 hjá Fyrirtækjaskrá Ríkisskattstjóra) sem eru í eigu stofnunarinnar, undir yfirstjórn og á ábyrgð hennar. Þau almennu félög sem um ræðir eru nú Dvalarheimilið Ás, kt. 430169-1229 og Mörk hjúkrunarheimili kt. 600510-0100; en heimilt er stjórn Grundar að stofna önnur félög til reksturs dvalar- eða hjúkrunarheimila í eigu stofnunarinnar. Hvert félaganna er sjálfstæður lögaðili og með sérstakar samþykktir sem marka réttarsambandið milli þeirra og móðurfélagsins; sjálfseignarstofnunarinnar Grundar.

2. gr.

Ekki má selja eða láta af hendi stofnunina eða eignir hennar fastar eða lausar nema andvirði sé beinlínis varið til að halda Grund áfram hér í bænum. Eigi má heldur binda fé hennar eða eignir nokkrum veðböndum eða skuldbindingum, sem óviðkomandi eru tilgangi stofnunarinnar.

3. gr.

Stjórn Grundar skípa nú undirritaðir 5 – fimm – menn og skal hún jafnan skipuð fimm mönnum. Heimilt er stjórninni að kveðja sér til aðstoðar tvo eða þrjá varamenn og fela þeim hlutdeild í stjórnunarstörfum eftir því sem þörf krefur. Verði sæti nefndarmanns autt vegna þess að hann óskar að ganga úr stjórninni eða vegna



burtflutnings eða dauða fyllir nefndin sjálf skarðið með því að setja til bráðabirgða eða skipa til fulls mann í sæti það, sem laust hefir orðið.

4. gr.

Stjórnin skiptir með sér störfum og ræður starfsfólk til Grundar eftir þörfum. Hún veitir heimilisvistirnar og fer með öll fjármál og framkvæmdir. Ber henni yfirleitt að gera sér allt far um að efla hag og heill stofnunarinnar í öllum greinum, og auka hana og stækka er þörf krefur og kringumstæður leyfa. Stjórnin skal árlega gera reikning yfir rekstur og efnahag Grundar. Skal reikningurinn endurskoðaður af 2 mönnum, öðrum útnefndum af dóms- og kirkjumálaráðuneytinu og hinn af borgarstjóra Reykjavíkur. Stjórn heimilisins úrskurðar svo reikninginn og leggur hann fyrir borgarstjórn Reykjavíkur til athugunar, en útdráttur úr honum skal birtur í opinberu blaði.

5. gr.

Peningar þeir, sem Grund kann að eiga eða eignast, skulu jafnóðum ávaxtaðir á þann hátt sem stjórnendur meta hagfelldastan á hverjum tíma.

6. gr.

Stjórnin setur heimilisreglur fyrir Grund. Hún gerir sér far um, í samvinnu við starfsfólkið, að jafnan ríki á heimilinu kristilegur trúarblær, að húslestrum sé haldið uppi að staðaldri og að hlynt sé að öðrum góðum heimilissiðum. Á þessu ber henni að hafa vakandi auga við ráðningu starfsfólks og við mannskípti í stjórninni.

7. gr.

Komi einhverntíma að því, að stjórnin sjái sér ekki fært að reka Grund áfram, gefi hún borgararstjórn Reykjavíkur kost á að taka að sér heimilið og allan rekstur þess, en hafni hún því boði, fellur Grund með öllum eigum þess til Landspítala háskólasjúkrahúss í Reykjavík.

8. gr.

Skipulagsskrá þessari getur stjórn Grundar ekki breytt nema með 4/5 atkvæða, þó því aðeins að borgarstjórn Reykjavíkur fallist á breytingarnar og stjórnarráð Íslands staðfesti þær.

Reykjavík, 23. janúar 1925.


Sigurbjörn Á. Gíslason (Ási) Har. Sigurðsson (Unnarstíg 1)

Júl. Árnason (Bankastræti 10) Páll Jónsson (Lækjargötu 6 A)

Flosi Sigurðsson (Lækjargötu 12 A)

Reykjavík 27. mars 2018


Jóhann J. Ólafsson (Kleifarvegur 5)


Guðrún B. Gísladóttir (Brávallagötu 40)


Gísli Páll Pálsson (Hverahlíð 4)


Júlíus Rafnsson (Brávallagötu 40)


Guðbjörg R. Guðmundsdóttir (Selbraut 11)